

Fundur 26.5.2021 Arliana frönsk kona

Góða kvöldið, komið þið sælir.

Blessuð, velkomin.

Vona ég innilega að þið skynjið orku þá sem með okkur er í kvöld á fundi þessum og þið megið magnast af okkar þjóð og mun ég reyna að koma fram erindi mínu.

Eru hér margir staddir í kvöld og finnst mér eftir því sem árin hafa liðið og ég komist á fleiri framlífs hnetti sem fjölmennari fundirnir eru sem ég tek þátt í.

Fengum við boð um það frá Þorsteini Guðjónssyni, Ingvari og fleirum úr ykkar stöð að þið hefðuð áhuga á að heyra lífsreynslu okkar sem hér erum.

Og höfum við áður talað við þau í sambandsfundum þeirra, en höfum við ekki oft komið í gegn til ykkar. Minnir mig þó að það hafi gerst fyrir löngu.

Sögðu þau mér og okkur að margt sé líkt á hnetti okkar og ástand það sem reynt er að koma betur á, á jörðinni ykkar.

Er nú svo langt um liðið síðan ég var á frumlífs jörð minni að ég kalla það ekki nema stundum gömlu jörðina, en var það vissulega mín frumlífs jörð, fyrsta líf mitt.

Er stjórnendum ykkar sambandsstöðvar mikið í mun að hleypa að samböndum okkar og öðrum slíkum samböndum til að tengja við þjóðfélagsbreytingar þær sem verða á jörðinni ykkar.

Og sýna þær í réttu ljósi og fá lífsreynslu sögur frá sem flestum mannkynjum og sjónarhorn, þannig að ykkar fólk geti valið og tekið ákvarðanir með hliðsjón af því.

Ætla ég að reyna að tala um kvennréttindi hér í kvöld og reynslu mína af því. Þar sem okkur var sagt að lífsreynslu saga mín gæti gagnast og ætla ég að reyna að nefna mig og hvenær ég var uppi á jörðinni.

Kona, frönsk kona, var uppi fyrir Kristsburð. Frönsk ekki kannski alveg rétt túlkun.

Nafn mitt er Arliana og kem ég frá héraði, landssvæði sem nú er hluti af Austurríki, Carno ættflokki, Carentha hét héraðið.

Lifum við hér í fullum kvennréttindum á mínum hnetti. Og vona ég að ég geti lýst frumlífi mínu nægilega vel.

Við lenntum aldrei í þeirri siðvenju að konur væru gefnar mönnum sínum og fengju ekki að velja sér maka eins og tíðkaðist í kristnum samfélögum eftir minn dag.

Má segja að mitt heiðna samfélag hafi verið kvennréttinda samfélag frá byrjun og það hafi verið mín gæfa að alast upp við þær reglur.

Vildi ég hér í kvöld lýsa margvíslegum hliðum þessa málefnis og margvíslegri reynslu minni í framlífi af þessum málum.

En er ég hrædd um að orkan muni ekki endast til að segja frá öllum þeim hliðum og geri ég mitt besta til að koma því til skila.

Í samfélagi okkar á jörðinni var Gyðju dýrkun og konur máttu velja sér menn, en engu að síður höfðu þeir frelsi til að tigna sín Goð.

Og voru það sérstakar samskiptareglur sem gaman væri að geta lýst nánar en ekki veit ég hvort það er hægt að sinni.

En tengdust þeir mökunar tilburðir vatnasvæði stóru á okkar landi og helgiathöfnum sem því tengdust og var maður minn hermaður í bardaga við, átök við Rómaveldi, vorum við þá frjáls.

En vorum við það ekki eftir minn dag. Komust undir yfirráð, frétti ég af því í fyrsta framlífi mínu.

Lenti ég í góðum hnetti eftir dauðann á fyrsta framlífs hnetti mínum. Kom það mér að vísu nokkuð á óvart, því það var nokkuð á skjön á við okkar trúarhugmyndir, en ekki svo mjög, að ég var nokkuð fljót að jafna mig.

Þótti mér áhugavert að fylgjast með því hvernig landsvæði okkar komst undir Rómversk yfirráð í tímans rás.

Og hafði ég áhyggjur af afkomendum mínum í því máli og var það áhugavert að fylgjast með því hvernig trúarhugmyndir okkar þjóðar breyttust með tímanum og siðvenjur, persónuleg samskipti og ýmislegt slíkt.

Var það ánægjulegt framlíf og kynntist ég á þeim framlífs hnetti hugmyndum sem ég átti eftir að tileinka mér betur.

Og snérust þær sumar um lögmál, jarðfræðileg lögmál og náttúrufræðilega framvindu hnattanna og skyldur mannsins gagnvart náttúrunni og samfélaginu og ýmislegt slíkt.

Var mér það ljóst er ég hafði verið á framlífshnetti mínum um nokkurt skeið og tekin að reskjast að til voru önnur samfélög í geimnum.

Þar sem frelsi kvenna var ekki jafn mikið og komu einnig í sambandsstöð okkar gestir sem sögðu frá ástandinu sumstaðar á gömlu jörðinni.

Þar sem ljótar sögur voru sagðar af ofbeldisverkum og fórnfæringum á börnum og fólki og dýrum.

Höfðum við að vísu kynnst fórnfæringum á dýrum. Og óvinir drepnir í hernaði en ekki voru það mannfórnir í okkar samfélagi.

Fékk ég áhuga á þessum hlutum og vildi ég gjarnan hjálpa þessum einstaklingum, þessu fólki sem sagði sína sögu.

Og kom það í ljós að til voru samfélög á þessum hnetti þar sem slíkt tíðkaðist og hafði verið áður gert í sögu hnattarins.

Átti ég hamingjuríkt líf aftur í næsta framlífi og sinnti ég því að koma á fót hofum fyrir okkar góðu Gyðju og breiða út átrúnað á hana.

Og var það okkur mikil blessuð að stuða að þeirri útbreiðslu.

Seinna eftir nokkur framlíf fóru að koma á sambandsfundina til okkar, framliðið fólk af jörðinni og víðar sem sagði frá hinum nýja sið sem þá var byrjaður og var kristnin.

Og voru það ýmsar sögur og fréttum við það snemma að sá guð vildi hafa konur heima og setti samfélaginu ýmsar aðrar skorður og ekki allir hrifnir af því.

Hafði ég þá verið á mörgum framlífs hnöttum og gerðum við þá hluti sem voru ekki góðir og þurftum við að gjalda þess með næsta framlífi.

Sem var á heldur lakari stað og var ég þó nógu skynsöm til að átta mig á því að verknaðir sem við höfðum unnið í því framlífi þar áður af reiði og hefndarlöngun gegn þeim körlum sem beitt höfðu órétti gagnvart konum.

Höfðu komið niður á okkur sjálfum og höfðum við í samfélagsofsa frarið fram úr því sem leyfilegt er samkvæmt siðareglum, mannanna reglum.

Kom ég þá fram á þeim eina hnetti sem ég hef farið á, sem ástandið var ekki nógu gott.

Og forðaðist ég í öllu því framlífi að gera nokkuð sem ég vissi að gæti orðið þess valdandi að ég héldi áfram á þeirri vítisbraut.

Því ég gerði mér fullkomlega grein fyrir því að ofbeldisverk þau sem við höfðum unnið, höfðu komið okkur á þennan stað.

Var ég þá búinn að kynnast boðorði kristinna manna, þú skalt ekki mann deyða, og vissi ég að það var á rökum reist.

Og áttum við okkur sjálf svipuð siðalögmál nema nauðslynlegt væri í orrustum að stunda mannvíg. Og þá voru það slíkir atburðir, en var það gert af hemdarþorsta, þar sem fram hefðu komið í framlífs jörð þeirri, menn sem ekki voru í fullu samræmi við stilli afl þetta.

Og höfðum samfélags sáttmála og höfðum heyrt af þeim og ætla ég ekki að fara út í það nákvæmlega, en það voru atburðir sem áttu sér stað um margra áratuga skeið.

Þar til ég lét lífið á þeim hnetti í átökum og fór yfir á þann hnött sem var verri.

En ég vildi segja það áður en ég hætti, að mistök þau sem ég gerði og ólánsverk, áttu sér aðdraganda og lét ég tilfinningarnar hlaupa með mig í gönur.

Og geta kvennréttindi farið út í öfgar eins og þar kann að hafa orðið.

Vil ég gjarnan segja frá ýmsum áhugamálum hér í framlífi sem eftir þetta, heilluðu mig eins og blómarækt og garðrækt og ýmislegt annað.

Og um tíma samfélagsfræði og fræðigreinar slíkar til að skilja til fulls þau öfl í samfélaginu sem leiddu okkur á villigötur um skeið.

Er ég enn á þessum framlífs hnetti, í góðum tengslum við þau trúarbrögð sem gáfu okkur styrk í frumlífi.

Og viljum við gjarnan senda ættingjum okkar í Frakklandi og víðar orku og kveðju okkar og vonum við að þau taki upp trú á okkar fornu Gyðju og teljum við að það verði þeim til blessunar.

Og gæti það orðið gott mótvægi við kristnina sem þar er ríkjandi.

Heitir sú Gyðja Eponia.

Eponia, já.

Ætla ég nú að kveðja ykkur og ef það eru örfáar spurningar, þá að reyna að svara.

Já, þetta með, það eru sko já, trúarbrögðin þau eru, geta stundum mörg hver, sérstaklega þessi helstefnu trúarbrögð eins og ég kalla þau, heftað frelsi kvennfólksins.

Já, þeir komu úr kristnum,

Þessi angi sem er kenndur við Abraham, þessi Abrahafs trúarbrögð.

Já, já,

Þetta eru ofbeldis trúarbrögð gagnvart konum.

Já, já. Það er rétt, það er því miður rétt. Það virðist vera í þeirra mynstri að ganga út frá því að syndin sé komin frá konum.

Hef marg oft heyrt það. Og það er réttlætt með því að hitt og þetta megi gera til að, opinberlega og á heimilum, beita ofbeldi og slíkt.

En það er eins og þetta sé nú, geti verið víðar, en það er mikil flóra hér, margt og merkilegt, menningar samfélögin misjöfn.

En ég skyldi ekki til fulls, hvað hafði verið heillandi við þessi nýju trúbrögð.

En þau hafa haft mikil áhrif á jörðinni og við fréttum af því að þessi mál væru mikið til umræðu á ykkar jörð og vildum gjarnan lýsa okkar reynslu frá löngu liðinni tíð.

Og hvernig hægt er að komast hjá þessum vandamálum og viljum styrkja ykkur í því sem þið eruð að gera.

Og vitum að þetta hefur valdið erfiðleikum á ykkar hnetti og ef við höfum frétt það rétt, að konur hafi fengið allmikil réttindi en einhver réttindi séu með þetta enn þá.

Það er víst rétt hjá þér sko, það eru öfga samtök hér, sem eru kallaðar öfga femínistar, þær eru svona kvennréttinda baráttu konur og þær ganga kannski heldur langt í sínu sko. Þegar þær halda því fram að allir karlmenn séu slæmir sko, við erum það ekki neitt.

En hafa þær tekið menn af lífi fyrir það?

Nei ekki svo vitað sé hér á Íslandi en maður veit ekki um það annars staðar sko, en ég veit það ekki sko.

En mér finnst vanta inn í umræðuna, það er það, menn þurfa að skoða t.d. Með uppeldið og annað, rækta það með uppeldinu, þessa gagnkvæmu virðingu gagnvart hvort öðru.

Hvort sem það eru karlmenn eða konur, eða strákar eða stúlkur og hérna svona ákveðnar svona reglur um hvað menn megi ganga langt í snertingu sko.

En þetta er komið út í það að ef maður snertir konu er það allt í einu komið út í kynferðislega áreitni sko, það er það ekki sko. Þetta er sko farið að ganga svona svoldið út á svona öfgar.

Því ef allt væri eins og það ætti að vera, þá væru menn að gera hosur sínar grænar fyrir einhverri konu, þá segði hún bara við manninn, ég hef ekki áhuga á þér og þá nær það ekki lengra.

En það hefur sko verið hér að menn hafa kannski verið svoldið svona, miðað við tíðarandann hérna, svoldið ákveðnir í það, eða ekki borið nógu mikla virðingu fyrir konum.

Má ég aðeins skjóta inn spurningu?

Já.

Hvaða kvennréttindi varst þú nákæmlega að meina?

Ég var að tala um frelsi, almennt frelsi til að. Það byrjaði með þessum helgisiðum sem ég minnstist á, gerðu ráð fyrir jöfnum rétti til að velja sér maka.

Og svo er ég að tala um samfélags þátttöku kvenna í framlífi hér. Og ég er að tala um fólkið sem kom á okkar hnetti og hafði ekki mátt vinna ef það voru kvennmenn og ýmislegt slíkt.

Og svo þessar verri athafnir, líflát kvenna og barsmíðar og slíkt sem vakti reiði. Reiði sem fór út í öfgar.

Já var hitt erindið spurning sem mér fannst, ég var að fylgjast, hitt erindið, við höfum heyrt, þetta er ekki alveg nákæmlega okkar reynsla sem þú lýsir.

En þetta er ekki, stefnir ekki í góða átt eins og þú lýsir því, og höfum, veit af mörgum hnöttum þar sem slíkt fer út í slæma hluti.

Það er mikil hætta á því að það rísi upp hefndarmótvægis bylgja sem lýst var hér að framan sem mundi spilla þessum árangri í kvennréttindamálum.

Ég er að reyna að svara því erindi sem var hér á undan.

Já, já.

Já.

Við náum því.

Ég, eru fleiri spurningar.

Það var ein Gyðja sem var nefnd við okkur fyrir nokkrum árum, sem heitir Beronía, kannast þú við hana?

Já.

Hvað er að segja af henni?

Mikil, öflug Beronía já, Gyðja lofts og getur hjálpað fólki að eflast og kærleiks Gyðja.

Já, já.

Lengra komin, já.

Merkileg saga sem þú segir okkur.

Já, ég, það var framlíf sem ég lenti í, en það þyrfti að bíða betri tíma.

En ég held að frásögn okkar geti hjálpað ykkur ef hún er sögð og fær úrbreiðslu.

Vona ég það að minnsta kvosti að ég hafi eitthvað hjálpað.

Kveð ykkur og reyni að senda orku og stuðning, verið þið sæl.

Vertu sæl, takk fyrir.